

**234. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,
haldinn í Ráðhúsinu á Siglufirði fimmtudaginn 6. júní 2019.**

Mættir:

Stjórnarmenn: Hilda Jana Gísladóttir, Ásgeir Örn Blöndal, Katrín Sigurjónsdóttir, Valtýr Hreiðarsson og Finnur Yngvi Kristinsson.

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri og Baldvin Valdemarsson (ritaði fundargerð).

Aldursforseti stjórnar Valtýr Hreiðarsson setti fundinn kl. 15.45 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Rætt um skipun stjórnarformanns. Tillaga kom fram um að Katrín Sigurjónsdóttir skipi sæti stjórnarformanns. Samþykkt samhljóða. Þá kom fram tillaga um að Hilda Jana Gísladóttir skipi sæti varaformanns. Samþykkt samhljóða.

2. Skipun í stýrihóp.

Rætt um skipun í stýrihóp vegna sameiningar við Eyþing. Stjórnin samþykkir að skipa Katrínu Sigurjónsdóttir stjórnarformann til að taka sæti í stýrihópnum og henni veitti umboð til að taka þar nauðsynlegar ákvarðanir varðandi sameiningarmálin. Fram kom að nauðsynlegt væri að stjórnarmenn væru vel upplýstir um stöðu og framgang málsins á hverjum tíma.

3. Önnur mál

Næsti stjórnarfundur ákveðinn miðvikudaginn 19. júní kl 15:00.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 16:00

Katrín Sigurjónsdóttir
Hilda Jana Gísladóttir

Sigmundur Einar Ófeigsson
Baldvin Valdemarsson